

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 8. apríl 2022

Mál nr. E-4941/2021:

A

(Svavar Daðason lögmaður)

gegn

B

(Sigrún Jóhannsdóttir lögmaður)

Dómur

I.

Mál þetta var þingfest 21. október sl. en tekið til dóms 6. apríl sl. að lokinni aðalmeðferð. Stefnandi málsins er A, [...] í Reykjavík en stefndi B, [...] í Reykjavík.

Stefnandi gerir þá kröfu aðallega að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum miskabætur að fjárhæð 3.000.000 kr., með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2011, um vexti og verðtryggingu, frá 17. september 2021 til 17. október 2021 og með dráttarvöxtum samkvæmt 2. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess að eftirtalin ummæli sem stefndi lét falla í garð stefnanda verði dæmd ómerk, sbr. 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940:

- „Þetta er A. A á og rekur [...]búðina. A eltir, áreitir og niðurlægir konur á internetinu. Konur sem berjast gegn kynferðisofbeldi. Meðlimi Öfga. Ekki vera eins og A.“
- „Þetta er A. A finnst gaman að áreita konur á samfélagsmiðlum og þess vegna eru fáir að fylgja honum. En einn þeirra sem er fylgjandi A og hans aðferðum er C, sérlegur D-vinur og fráfarandi stjórnarmaður KSÍ. Ekki vera eins og þeir.“
- „Þetta er A. A finnst konur svo lítils virði að hann sér enga ástæðu til að hjálpa þeim ef þær hleypa ekki uppá sig að launum. Ekki vera eins og A.“

Til vara er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur að annarri lægri fjárhæð að álitum dómsins, og að ummælin í liðum 1 til 3 hér að framan verði dæmd ómerk.

Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda hæfilega fjárhæð svo stefnandi geti staðið straum af kostnaði við birtingu dómsins, atriðisorða

hans eða forsendna hans, sbr. 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Auk þess krefst stefnandi í öllum tilvikum málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda en til vara að kröfur stefnanda á hendur honum verði lækkaðar verulega.

II.

Tildrög málsins eru þau að 5. september 2021 birti D lögmaður opna færslu á samfélagsmiðlinum Facebook þar sem hann deildi m.a. myndum af lögregluskýrslu í sakamáli en skýrslan hafði að geyma persónuupplýsingar um kæranda. Miklar umræður sköpuðust undir færslu lögmannsins sem og í kjölfar hennar og sýndist sitt hverjum.

Ágreiningslaust meðal þeirra sem tóku þátt í þessari umræðu voru nokkrar vinkonur stefnda, sem kenna sig við hópinn Öfgar, og stefnandi sjálfur. Ágreiningslaust er að stefnandi átti í opinberum orðaskiptum við konurnar í þræði á Facebook undir færslu lögmannsins áður en stefndi hafði uppi þau ummæli sem krafa stefnanda í málinu lýtur að. Í þeim orðaskiptum lét stefnandi m.a. eftirfarandi ummæli falla í garð einnar tilgreindrar konu og fleiri kvenna:

„E nú vil ég ekki vera dónalegur en eftir að hafa séð mynd af þér og vinkonum þínum gætuð þið líklegast stofnað svona kvenkyns Incel sellu, bara svona vinsamleg ábending, ég er alls ekki að segja að þið séuð ljótar og óframbærilegar, bara samt einhver svona kvenkyns incel filingur.“

Í framhaldinu birti stefnandi á Facebook mynd með notendaupplýsingum kvennanna en af myndunum mátti greina að sambandsstaða þeirra væri ekki opinber á miðlinum. Við aðra myndina skrifaði stefnandi: „mér finnst þetta bara sorglegt, en vonandi finnið þið styrk hvor í annarri“. Við hina myndina skrifaði stefnandi: „sama hér, bara óskaplega dapurlegt“.

Stefnandi hélt í kjölfarið áfram orðaskiptum sínum við konurnar og sagði m.a.: „en sem betur fer í staðinn fyrir að drepa karlmenn þá eru þið bara að níðast á þeim á netinu, kallandi þá incel fýlukalla sem styðja við ofbeldi og kúka upp á bak, það er auðvitað ógeðslegt en samt betra en að drepa einhvern.“

Ein kvennanna svaraði stefnanda og sagði þessi ummæli hans ástæðuna fyrir því að þær hefðu ekki hjúskaparstöðu sína aðgengilega á Facebook. Stefnandi brást við þessari athugasemd með því að segja að hann væri ekki að halda því fram að þær væru ófrýnilegar en hann gæti skilið af hverju enginn karlmaður vildi vera í sambúð með þeim.

Stefnandi sagði jafnframt við eina konuna að það væri vel gert að taka slaginn fyrir þolendur ofbeldis og hún væri tvímælalaust kjarnakona. Hann væri hins vegar hræddur um að í þetta skiptið væri hún að slást við ranga aðila þar sem það væri margt sem benti til þess að málið sem færsla lögmannsins fjallaði um væri „hreinræktuð fjárkúgun“ og í „besta falli“ væri það mjög „málum blandið“.

Í orðaskiptum í framhaldinu beindi stefnandi þeim orðum að nafngreindri konu að ef hann væri einn í heiminum með henni þá myndi mannkynið klárlega deyja út og upp úr henni og öðrum ylti því lík hræsni og viðbjóður. Við sömu konu sagðist hann bara vona að einhver „aumkvi sig yfir ykkur svo þið getið hætt þessari iðju ykkar að níða karlmenn á netinu“. Af orðum stefnanda í umræðunum má ráða að hann taldi konurnar standa fyrir andrúmslofti eineltis og að svívirðingar í garð þeirra sem væru ósammála einni þeirra væru „hreint og klárt ofbeldi“.

Ágreiningslaust er að stefnandi sendi einni kvennanna einkaskilaboð í gegnum Messenger-forritið um klukkan hálf tólf að kvöldi 15. september 2021 sem konan svaraði ekki. Þar bað stefnandi konuna afsökunar ef henni þætti hann hafa gert lítið úr henni og útliti hennar og það væri vel gert að standa með þolendum og þeim sem minna mega sín. Tæplega hálf tíma síðar sendi stefnandi konunni aftur einkaskilboð þar sem hann sagði að það væri ekki refsivert að segja incel og kúkabrandara, jafnvel þótt þeir væru ófyndnir. Greindi stefnandi síðan frá því að nú ætlaði hann að blokka konuna þar sem hún virtist „taka öllu sem einhvers konar árás“.

Stefnandi nefndi tvær kvennanna aftur á nafn og merkti þær í athugasemd sinni undir færslu sem D lögmaður birti á Facebook 13. september 2021. Í færslunni gagnrýndi D forseta Íslands fyrir aðgerðarleysi vegna frásagna um kynferðisbrot í starfslíði forsetans. Í athugasemd stefnanda við færsluna þar sem konurnar voru merktar sagði stefnandi að nú væri „tækifærið að skunda á Bessastaði með spjöld hver af annarri til að stækka hópinn“.

Stefndi birti á samfélagsmiðlinum Twitter 15. september 2021 kl. 19:02 fyrstu færsluna sem krafist er ómerkingar á og skaðabóta fyrir í þessu máli, sbr. fyrsta lið kröfugerðar stefnanda. Í færslunni segir stefnandi elti, áreitti og niðurlægði konur á netinu, konur sem berðust gegn kynferðisofbeldi, meðlimi Öfga. Í færslunni sagði einnig að stefnandi ætti og ræki [...]búðina og lét fylgja ummælin „Ekki vera eins og A“. Færslunni fylgdi mynd af stefnanda.

Af gögnum málsins verður ráðið að stefnandi og stefndi hafi 16. september 2021 átt í opinberum orðaskiptum á Twitter. Ekki verður hins vegar séð hvort öll samskipti þeirra á Twitter í tengslum við ummælin sem stefnt er fyrir liggi þar fyrir. Málsgögnin bera þó með sér stefnandi hafi þennan dag á Twitter beint eftirfarandi orðum að stefnda og öðrum einstaklingi:

„Engin dæmi? Strákar þið eruð í landsliðinu af vesalingum og lygalaupum, ef þið haldið að þið komist upp í til þeirra með því að vera sniðugir er það misskilningur. Ég hef samt skilning á því að menn sem hafa veri lagðir í einelti eins og þú og B fáid út úr honum á netinu.“

F svaraði þar stefnanda með þeim ummælum að hann vorkenndi honum að vera svo andlega fátækur að hann héldi að „við séum á móti kynbundnu ofbeldi til að fá meira að ríða. Þetta kallast að vera andlega gjaldþrota.“ Ekki er deilt um að stefnandi hélt áfram umræðu af sama toga þar sem hann beindi orðum sínum einnig að stefnda og sagði m.a.:

„En því miður fyrir þig þá sjá konur við svona, þær sjá að þú ert ofbeldisfullur vesalingur og það er ólíklegt að þetta vesæla lúabragð heppnist, ekki nema einhver sé mjög örvæntingarfull, greyið hún þá !“

Sama dag birti stefndi kl. 21:28 á Twitter færsluna sem annar liður ómerkingar- og miskabótakröfu stefnanda beinist að en þar segir að stefnanda finnist „gaman að áreita konur á samfélagsmiðlum“ og þess vegna séu fáir að fylgja honum. Í færslunni segir enn fremur: „En einn þeirra sem er fylgjandi A og hans aðferðum er C, sérlegur D-vinur og fráfarandi stjórnarmaður KSÍ. Ekki vera eins og þeir.“

Ráða má af gögnum málsins að stefnandi hafi birt athugasemd við þessa færslu þar sem hann sagði:

„Þú heldur áfram að ljúga upp á mig svívirðilegri þvælu, treystu mér þú ert ekkert að fá út úr þessu, konur sjá í gegnum svona lygi og ofbeldisþvaður!“

Stefndi birti síðan þriðju færsluna sem mál þetta lýtur að kl. 1:19 aðfaranótt 17. september á Twitter-síðu sinni. Færslan var svohljóðandi: „Þetta er A. A finnst konur svo lítils virði að hann sér enga ástæðu til að hjálpa þeim ef þær hleypa ekki uppá sig að launum. Ekki vera eins og A.“

Lögmaður stefnanda sendi bréf, dags. 17. september 2021, þar sem gerð var krafa um afsökunarbeiðni og greiðslu miskabóta vegna þeirra ummæla sem stefna málsins lýtur

að. Fyrir liggur að stefndi hafnaði þessari kröfu og að stefnandi höfðaði í kjölfarið þetta mál.

III.

Helstu málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir á því að fullyrðingar stefnda þess efnis að hann hafi elt, niðurlægt, áreitt og hrætt konur og virði konur lítils hafi falið í sér ærumeiðandi aðdróttanir, sbr. 234., 235., 236. og 237. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ummælin sem stefndi ritaði um hann og birti á vefsvæði sínu séu röng, óviðurkvæmileg og til þess fallin að valda honum mannorðsskaða og álitshnekki. Stefnandi telur um sérstaklega alvarlegar ærumeiðingar og aðdróttanir að ræða þar sem stefndi fullyrðir að stefnandi stundi það að áreita og hræða konur. Þá sé hægt að túlka framangreindar ærumeiðingar og aðdróttanir á þann veg að um saknæma háttsemi sé að ræða. Verknaðarlýsingu meintrar hegðunar stefnanda megi heimfæra undir bæði 1. mgr. 225. gr. og 232. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Stefndi hafi þar með fullyrt að stefndi hafi gerst sekur um alvarlegt refsivert brot og með því bakað sér bótaábyrgð.

Það er mat stefnanda að ummæli stefnda feli ekki í sér gildisdóma heldur staðhæfingar um staðreyndir þar sem fullyrt sé að stefnandi hafi gerst sekur um háttsemi sem gæti falið í sér brot á lögum, eins og að framan hefur verið rakið. Heldur stefnandi því fram að jafnvel þótt fallist væri á að um gildisdóma væri að ræða sé ljóst að ummælin hafi engu að síður verið ærumeiðandi, enda hafi þau verið óþarflega gróf, móðgandi og meiðandi.

Stefnandi byggir á því að stefndi beri miskabótaábyrgð gagnvart honum á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 þar sem ummælin séu ólögmat meingerð gegn persónu hans. Um miskabótakröfuna er byggt á því að ummæli stefnda, sem höfð voru uppi á opnum vettvangi samfélagsmiðilsins Twitter og færslurnar stilltar með þeim hætti að þær séu opnar öllum, hafi fengið mjög á stefnanda þar sem um ærumeiðandi aðdróttanir hafi verið að ræða, sem bæði séu rangar og til þess fallnar að hafa skaðleg áhrif á orðspor stefnanda og félags í hans eigu sem og viðskiptavild félagsins.

Stefnandi telur að þar sem æra hans og virðing hafi beðið hnekki við umrædd ummæli sé verið að ráðast á persónu hans. Í öllu falli sé ljóst að þær ærumeiðingar og aðdróttanir sem stefndi kaus að setja fram gegn stefnanda hafa bakað honum mikinn skaða. Þá sé ekki heldur nokkur vafi til staðar um tilgangsleysi þeirra ærumeiðinga og

aðdróttana sem stefndi lét falla um stefnanda sem hafði sér það eitt til sakar unnið að taka þátt í opinberri umræðu.

Stefnandi telur því að stefndi hafi gróflega vegið að mannorði og æru sinni. Stefndi hafi með færslum sínum farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns og um leið brotið gegn friðhelgi einkalífs stefnanda sem verndað sé af 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 1. mgr. 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Að auki verði, við ákvörðun miskabóta, að hafa í huga að þær skuli fela í sér varnaðaráhrif gegn frekari ásetningsbrotum af hálfu stefnda af þessu tagi. Sé miskabótakrafa stefnanda, að fjárhæð 3.000.000 krónur, því síst of há í ljósi allra atvika málsins. Varakröfu, um aðra lægri fjárhæð að mati réttarins, byggir stefnandi á sömu málsástæðum og til stuðnings aðalkröfu málsins.

Málsástæður stefnda

Stefndi telur stefnanda ekki hafa rökstutt með hvaða hætti túlka skuli hin umstefndu ummæli sem staðhæfingu um refsiverða háttsemi. Þau atriði í ummælunum sem stefndi ímyndar sér að helst komi til skoðunar séu orðin elta, áreita og niðurlægja. Af hálfu stefnda er því alfarið hafnað að í ummælum hans sé lýst háttsemi sem falli undir ákvæði 1. mgr. 225. eða 232. gr. a almennra hegningarlaga.

Af hálfu stefnda er byggt á því að stefnandi hafi sjálfur ákveðið að elta ákveðnar konur á samfélagsmiðlum og sóst í að taka þátt í umræðum sem þær ýmist settu inn eða voru þátttakendur í. Þetta hafi hann gert eftir að þær útilokuðu (e. block) hann frá því að sjá skrif sín á Facebook. Það sé því sannleikanum samkvæmt að tala um að stefnandi hafi elt konurnar á internetinu og ummælin feli í sér lýsingu á hegðun stefnanda þar. Hvað sem því líður verði varla séð hvernig unnt sé að halda því fram að þessi eða önnur ummæli sem stefnda hefur verið stefnt til ómerkingar og skaðabóta fyrir lýsi einhvers konar refsiverðri háttsemi.

Um hugtakið áreiti telur stefndi mikilvægt að hafa í huga að orðin áreiti og áreitni hafi ekki sömu merkingu. Áreiti merkir ytri áhrif á skynfærin, ástand eða atvik sem kallar fram viðbragð. Til dæmis geti fólk upplifað áreiti frá birtu, hljóði og hreyfingu í nær-umhverfi. Þá sé það alþekkt að hin ýmsu skrif á internetinu eiga það til að vekja upp áhrif lesenda, svo sem í formi reiði, meðaumkunar, ánægju eða hvernar annarrar mannlegrar tilfinningar. Áreitni á hinn bóginn merkir hegðun á borð við ágengni, átroðning, það að sýna einhverjum óvelkomna athygli eða að óska eftir samskiptum við einhvern sem kærir

sig ekki um slíkt. Hvorugt hugtakanna feli þó í sér ásökun um refsiverðan verknað. Var það mat stefnda að háttsemi stefnanda mætti túlka sem áreiti af hans hálfu. Jafnvel þótt stefnandi kunni að vera ósammála því mati sé engum vafa undirorpið að um hreinan gildisdóm er að ræða af hálfu stefnda en ekki staðhæfingu um staðreyndir.

Stefndi kveður ummæli sín um að stefnandi niðurlægði konur á internetinu enn fremur ekki hafa falið í sér annað en gildisdóm stefnda á því hvernig hann upplifði/mat sjálfur skrif stefnanda og ummæli um umræddar konur. Stefnandi hafi t.d. viðhaft niðrandi ummæli um útlit kvennanna þrátt fyrir að það kæmi umræðunum ekkert við. Þá hafi hann farið ýmsum öðrum neikvæðum orðum um konurnar og annað fólk.

Stefndi vísar enn fremur til þess að það hafi verið stefnandi sjálfur sem hafði frumkvæðið að því að fara með umræðuna á það lága plan sem hún fór. Hann hafi tekið ákvörðun um það að gera umræðuna persónulega og færa hana yfir á kynferðislegar nótur, og sagt ásetning stefnda með þátttöku sinni í baráttunni gegn ofbeldi t.d. vera þann að fá konur til að stunda kynlíf með sér. Þá segist hann halda að stefndi „fái úr honum“ á internetinu því hann hafi verið lagður í einelti.

Stefndi kveðst hafa viðhaft ummælin sem stefna málsins lýtur að í því skyni að stöðva þessa hegðun stefnanda, með því að vísa í hans eigin orð og láta skjáskot af þeim fylgja með. Enda hafi hann sagt orðrétt: „Ekki vera eins og A“. Þetta hafi hann sagt á mun hófstílltari hátt en stefnandi, sem hafði m.a. að auki kallað stefnda ofbeldisfullan vesaling. Það sé því einstaklega fráleitt að hann skuli ekki hafa harðari skráp en það að hlaupa svo til og stefna stefnda fyrir ummælin.

Stefndi byggir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því að hann hafi í skjóli tjáningarfrelsis síns mátt tjá sig á þann hátt sem hann gerði, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 19. gr. alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnómálaleg réttindi, sbr. lög nr. 10/1979. Hafa beri í huga að sú vernd sem stefndi njóti sé að meginstefnu óháð innihaldi tjáningarinnar og geti þannig verið um að ræða tjáningu sem er særandi eða hneykslanleg fyrir aðra.

IV.

1.

Af málatilbúnaði stefnanda verður ráðið að hann telji að þau ummæli stefnda sem krafist er ómerkingar á feli í sér ærumeiðandi móðgun og aðdróttun í skilningi 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem og brigsl í skilningi 237. gr. laganna.

Ummælin beri því að ómerkja með vísan til 1. mgr. 241. gr. sömu laga, enda séu þau ósönn og til þess fallin að svarta mannorð hans. Þá telur stefnandi að ummælin hafi verið höfð frammi eða borin út gegn betri vitund, sbr. 236. almennra hegningarlaga og að brot stefnda á framangreindum ákvæðum eigi að varða hann greiðslu miskabóta og ómerkingu ummælanna samkvæmt 241. gr. sömu laga, auk kostnaðar af birtingu dómsins. Þá byggir stefnandi á því að ummælin hafi skert rétt hans til friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, og valdið honum ólögmati meingerð í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Ekki fer á milli mála að þeim ákvæðum hegningarlaga sem málatilbúnaður stefnanda byggist á er ætlað að vernda mannorð og æru einstaklinga, sem njóta jafnframt verndar 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Það leiðir hins vegar af tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar og efnislega sambærilegu ákvæði 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 62/1994, að ummæli af þessu tagi verða ekki dæmd ómerk og miskabætur ekki dæmdar á grundvelli sakar nema slík skerðing eigi sér viðhlítandi stoð í lögum og teljist nauðsynleg til þess að vernda mannorð annarra, auk þess að vera í samræmi við viðtekna lýðræðishefðir, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Ummæli stefnda geta því aðeins fallið undir þessi ákvæði hegningarlaga og, eftir atvikum, aðrar reglur sem vísað er til um skaðabótaábyrgð í stefnu að því marki sem þau fólu ekki í sér tjáningu sem nýtur verndar sem grundvallarréttar samkvæmt þessum viðmiðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála. Í því sambandi er ekki nægilegt að horfa einungis til efnis ummælanna, heldur verður einnig að líta til samhengis þeirra og af hvaða tilefni þau voru sett fram.

Í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu hafa verið sett fram nánar tiltekin viðmið um til hvers beri að líta þegar rétturinn til tjáningarfrelsis er veginn á móti friðhelgi einkalífs. Þannig skal m.a. litið til þess hvort tjáning sem krafist er takmörkunar á hafi falið í sér framlag til umræðu sem varðar almenning, til þess hversu vel þekktur sá sé sem telur sig meiddan og frá hverju sé sagt, en einnig hver hafi verið fyrri háttsemi hans og hvert sannleiksgildi tjáningar sé. Þá hafa efni, form og afleiðingar birtingarinnar þýðingu að þessu leyti sem og hversu þungum viðurlögum kemur til álita að beita. Falla þessi viðmið saman við viðurkennd sjónarmið um túlkun 71. gr. og 73. gr. stjórnarskrárinnar og ábyrgðarleysisástæður sem samkvæmt íslenskum rétti geta leitt til þess að tjáning teljist lögmat, m.a. ef um réttlætanager gildisdóm er að ræða, sönn ummæli eða

þau réttlætist af góðri trú eða ef þau teljast á annan átt vera réttlætanlegt framlag til umræðu sem varðar almenning. Margdæmt er að allar takmarkanir á tjáningarfrelsi verður að skýra þröngt, sbr. dóm Landsréttar frá 4. mars sl. í máli nr. 726/2020, 17. mgr.

Þegar tekin er afstaða til þess hvort ummæli stefnda í liðum 1 til 3 sæta takmörkunum samkvæmt 235. gr. almennra hegningarlaga, eða eftir atvikum 234. og 237. gr. sömu laga, hefur sérstaka þýðingu hvort líta beri á ummæli stefnda fremur sem gildisdóm en staðhæfingu um staðreynd. Aðila greinir á um það hvernig líta beri á hin umþrættu ummæli stefnda í þessu tilliti. Gildisdómur felur venjulega í sér huglægt mat á staðreynd en ekki fullyrðingu um hana öndvert við staðhæfingar er vísa til beinna staðreynda án þess að um sé að ræða huglægt mat. Gildisdómar njóta eðli málsins samkvæmt ótvírætt almennt aukinnar verndar umfram ósannaðar staðhæfingar um staðreyndir. Það birtist m.a. í því að mönnum verður ekki gert að sanna gildisdóma eða refsað fyrir þá takist ekki slík sönnun, andstætt því sem jafnan gildir um staðhæfingar um staðreyndir.

Gildisdómar eru skilgreindir fremur rúmt og þess heldur ef viðfangsefnið telst vera liður í almennri þjóðfélagsumræðu. Þótt ekki sé gerð krafa um sönnun gildisdóms getur þó skipt máli hvernig hann er settur fram og í tilviki slíks dóms um einstakling þurfa einhver atvik eða fyrirliggjandi upplýsingar um hann að geta gefið tilefni til að draga ályktanir af því tagi sem um ræðir, sjá hér til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 9. febrúar sl. í máli nr. 38/2021, 23. mgr. og þá dóma sem þar er vitnað til.

2.

Ummælin sem ágreiningur þessa máls snýst um voru látin falla í tengslum við og í framhaldi af opinberum orðaskiptum stefnanda við nokkrar konur í þræði á samfélagsmiðlinum Facebook sem og í einkaskilaboðum, í kjölfar umræðu um færslu lögmanns á Facebook 5. september 2021. Telja verður ljóst af ummælum stefnda og samhengi þeirra að þau lutu að framgöngu stefnanda og ummælum hans í orðaskiptum hans við konurnar, en fyrir liggur að konurnar kenna sig við hópinn Öfgar og hafa beitt sér í opinberri umræðu um kynferðisofbeldi.

Þau gögn sem liggja fyrir í málinu bera með sér að stefnandi hafi átt frumkvæði að því að beina orðum sínum að einstökum konum í hópnum. Gagnvart einni konunni lýsti stefnandi þeirri skoðun að eftir að hafa séð mynd af henni og vinkonum hennar teldi hann þær geta stofnað kvenkyns „incel-sellu“, en enska hugtakið „incel“ mun vera

viðhaft um einstaklinga sem ekki hafa erindi sem erfiði við að ná sér í maka. Þá liggur fyrir að stefnandi deildi myndum af tveimur kvennanna í umræðu á Facebook sem voru til þess fallnar að vekja athygli á því að ekki kæmi fram á Facebook hvort þær væru í sambandi.

Að mati dómsins verður ekki séð að þau ummæli stefnda sem fjallað er um í fyrsta og öðrum lið dómkröfu hans feli sér aðdróttun um að stefnandi hafi viðhaft háttsemi sem fellur undir verknaðarlýsingu 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í því sambandi er ekki unnt að fallast á að ummælin sem stefndi viðhafði gefi á nokkurn hátt til kynna að stefnandi hafi sýnt af sér háttsemi sem varði við refsíákvæði 1. mgr. 225. gr., um ólögsmæta nauðung með líkamlegu ofbeldi, hótunum eða öðrum athöfnum sem þar er lýst. Þaðan af síður verður talið að stefndi hafi dróttað því að stefnanda að hann hafi endurtekið hótad, elt, fylgst með, sett sig í samband við eða með öðrum sambærilegum hætti setið um aðra og þannig að háttsemi stefnanda félli undir 232. gr. a almennra hegningarlaga.

Í þessu sambandi verður að líta til þess að samkvæmt almennum málskilningi vísar orðið „elta“ almennt til þess að veita einhverjum eftirför. Í ljósi þess að fyrir liggur að stefnandi stofnaði ítrekað til orðaskipta við konur sem töluðu um og gegn kynferðisofbeldi í umræðum á samfélagsmiðlum og hafði samband við þær þar í einkaskilaboðum verður ekki talið að í þessum ummælum stefnda hafi falist ærumeiðandi aðdróttun í garð stefnanda. Sama gildir um þau ummæli stefnda að stefnandi áreitti konur, en sögnin „áreita“ samsvarar almennt því að erta, móðga eða ónáða einhvern samkvæmt almennum málskilningi. Í þessu samhengi verður jafnframt að hafa í huga að stefndi lét þess skýrt getið að ummæli hans skírskotuðu til framgöngu stefnanda á netinu og samfélagsmiðlum.

Að því er snertir þau ummæli stefnda í lið 1 að stefnandi niðurlægi konur á netinu er ljóst af atvikum málsins að stefnandi gerði sambandsstöðu nafngreindra kvenna ítrekað að umtalsefni í umræðum á samfélagsmiðli og tengdi það m.a. við myndir af þeim. Þá liggur einnig fyrir að áður en stefndi viðhafði þau ummæli sem þriðji liður dómkröfu stefnanda lýtur að, um að stefnanda þætti „konur svo lítills virði að hann [sæi] enga ástæðu til að hjálpa þeim ef þær [hleyptu] ekki uppá sig að launum“ hafði stefnandi gefið til kynna þá skoðun sína að stefndi og aðrir karlmenn tækju þátt í umræðu um kynferðisofbeldi á netinu í þeim tilgangi að fá konur til fylgilags við sig.

Þegar ummæli stefnda í þessu máli eru virt heildstætt verður ekki annað séð en að hann hafi þar verið að lýsa yfir vanþóknun sinni á þeirri framgöngu stefnda í

umræðum á samfélagsmiðlum og gerð er grein fyrir hér að framan. Með hliðsjón af því sem fram er komið um háttsemi stefnanda sem varð tilefni ummælna verður ekki annað séð en að stefndi hafi með ummælum sínum verið að fella gildisdóm um þessa framgöngu stefnanda sem ekki skorti með öllu stoð í staðreyndum. Þótt ummælin hafi að vissu leyti verið hvöss verður í ljósi atvika málsins ekki talið að stefndi hafi farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns. Að því virtu heimila hvorki ákvæði 234., 235. og 237. gr. almennra hegningarlaga né aðrar lagareglur sem stefnandi vísar til í málatilbúnaði sínum að ummælin verði ómerkt eða að stefnda verði gert að greiða stefnanda miskabætur vegna þeirra.

Samkvæmt því sem að framan er rakið verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu. Af því leiðir að stefnanda verður gert að greiða stefnda kostnað af rekstri málsins fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sem telst hæfilega ákveðinn 900.000 krónur.

Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, B, er sýknaður af kröfum stefnanda, A. Stefnandi greiði stefnda 900.000 krónur í málskostnað.

Kjartan Bjarni Björgvinsson